

Námsáætlun fyrir íslensku - 7. bekkur  
Skólaárið 2021 – 2022



Kennari: Kristbjörg Eyjólfsdóttir og Laufey Erlendsdóttir

Tímafjöldi: 6 kennslustundir á viku

Námsþættir	Hæfniviðmið Við lok 7. bekkjar geti nemandi:	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
<b>Talað mál, hlustun og áhorf</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>-Tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar.</li> <li>-Tjáð eigin skoðanir og tilfinningar og haldið athygli áheyranda, m.a. með aðstoð leikrænnar tjáningar.</li> <li>-Tekið þátt í samræðum og rökræðum samkvæmt reglum.</li> <li>-Hlustað af athygli og beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greint frá aðalatriðum.</li> <li>-Nýtt sér myndefni og rafrænt efni á gagnrýnninn hátt.</li> <li>-Átt jákvæð samskipti við aðra og sýnt vinsemd og virðingu.</li> </ul>	<p>Nemendur eru þjálfaðir í að tjá sig frammi fyrir bekkjarfélögum sínum.</p> <p>Nemendum eru gefin tækifæri til að segja frá eigin reynslu og hugmyndum, taka þátt í umræðum um bókmenntir og kynna verkefni sín.</p> <p>Nemendur fá þjálfun í hlustun.</p> <p>Nemendur lesa reglulega upphátt fyrir kennara/starfsmann.</p> <p>Stóra upplestrarkeppnin í 7. bekk.</p>	<p>Stóra upplestrarkeppnin.</p> <p>Upplestur á ýmiskonar texta, ljóðum og eigin texta.</p> <p>Þátttaka í umræðum og tímavinnu.</p>
<b>Lestur og bókmenntir</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>-Lesið texta við hæfi með hæfilegum hraða og góðum skilningi, lagt mat á hann og túlkað.</li> <li>-Notað þekkingu og reynslu ásamt ríkulegum orðaforða við lestur og skilning á texta.</li> <li>-Greint og fjallað um aðalatriði í texta og helstu efnisorð og notað mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta.</li> <li>-Lesið sér til ánægju og fróðleiks og gert öðrum grein fyrir þeim áhrifum sem texti hefur á hann.</li> </ul>	<p>Lesnar verða valbækur í yndislestri.</p> <p>Unnið með lesskilning í Þriðja Smelli, Orðspori 3 og fleiri bókum og fjölbreyttum textum.</p> <p>Ljóð verða lesin og unnið verður með bragfræðihugtök.</p>	<p>Verkefni og kannanir úr námsbókunum og öðrum textum.</p> <p>Lesskilningskannanir.</p> <p><b>Lesfimipróf:</b> Neðra viðmið 120 orð á mín. Efra viðmið &gt;165 orð á mín.</p> <p><b>Orðarún:</b> Gott: 17-20 stig Meðal: 11-16 stig Slakt: &lt;10 stig.</p>

	<p>-Lesið gamlar og nýjar bókmenntir, þar á meðal þjóðsögur, ljóð og bókmenntir ætlaðar börnum og unglíngum.</p> <p>-Greint nokkur frásagnarform bókmennta og beitt fáeinum bókmenntafræðilegum hugtökum til að efla skilning, svo sem tíma, sjónarhorni, sögusvið og boðskap.</p> <p>-Beitt nokkrum hugtökum til að fjalla um form og innihald ljóða, svo sem rím, ljóðstafi, hrynjandi, líkingar og boðskap.</p> <p>-Aflað upplýsinga úr bókum og fjölbreyttu rafrænu efni, unnið úr þeim og nýtt við lausn verkefna, lagt nokkurt mat á gildi trúverðugleika upplýsinga.</p> <p>-Lesið úr einföldum tölulegum og myndrænum upplýsingum og túlkað þær.</p> <p>-Valið sér fjölbreytt lesefni við hæfi til gagns og ánægju.</p>		
<b>Ritun</b>	<p>-Skrifað læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd, beitt algengum aðgerðum í ritvinnslu, gengið frá texta og notað orðabækur.</p> <p>-Valið textategund, skipulagt og orðað texta svo sem sögur, frásagnir, lýsingar og fyrirmæli á þann hátt sem hæfir tilefni.</p> <p>-Samið texta þar sem beitt er sköpun, notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu og veitt öðrum hlutdeild með því að kynna ritunina eða leyfa öðrum að lesa.</p> <p>-Beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar og hefur náð valdi á þeim.</p>	<p>Stafsetningarreglur rifjaðar upp og unnið með þær.</p> <p>Ritunaræfingar af ýmsum toga.</p>	<p>Ritunarverkefni, bæði skrifleg og í tölvum.</p> <p>Stafsetning, orðaforði og málvitund metin í ýmsum ritunarverkefnum.</p> <p>(Stafsetningarkannanir. Skrifarkannanir.)</p>

	<p>-Lesið texta og skoðað hann með það í huga að kanna hvernig höfundur skrifar og nýtt það við eigin ritun.</p> <p>-Skrifað texta á tölvu, beitt nokkrum aðgerðum í ritvinnslu og vísað til heimilda.</p>		
<b>Málfræði</b>	<p>-Gert sér nokkara grein fyrir eigin máli og hafa skilning á gildi þess að bæta það.</p> <p>-Notað allríkulegan orðaforða í Ræðu og riti, gert sér grein fyrir margræðni orða og nýtt sér málfræðikunnáttu sína við orðmyndun, tal og ritun.</p> <p>-Nýtt sér kunnáttu og færni til að fletta upp orðum í orðabókum og öðrum gagnabrunnum um mál.</p> <p>-Áttað sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð og greint hlutverk og helstu einkenni þeirra.</p> <p>-Notað orðtök og málshætti í töluðu og rituðu máli og greint notagildi þeirra í texta.</p> <p>-Beitt þekkingu sinni á málfræði við að búa til setningar, málsgreinar og gert sér grein fyrir fjölbreytileika málsins.</p> <p>-Beitt þekkingu sinni á málfræðilegum hugtökum í umræðu um mál, ekki síst eigið mál, talað og ritað.</p> <p>-Nýtt orðaforða sinn til að skapa ný orð og orðasambönd og notað þau í texta.</p> <p>-Gert sér grein fyrir notagildi íslenskrar málfræði m.a. við ritun og stafsetningu.</p>	<p>Farið yfir einkenni og hlutverk orðflokka.</p> <p>Verkefnavinna.</p> <p>Málið í mark; Fallorð, Orðspor 3 og fleiri verkefni frá kennara.</p> <p>Unnið með orðtök og málshætti.</p>	<p>Verkefni og málfræðikannanir.</p>
<p><b>Námsgögn:</b> Þriðji smellur, Málið í mark - Fallorð, Töfraskinna, Orðspor 3 lesbók og vinnubók, Skrudda 1 og 2, kjörbækur, orðabækur og handbækur.</p>			

**Lokanámsmat:**

Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið með þetta skólaár. Nemendur fá endurgjöf frá kennara um framgöngu í námi með fjórum hæfnitáknum og safna þannig á hæfnikort sitt og bókstafseinkunn í lokin.